



Reykjavík, 30.3.2021
USK2021030063

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar um lagfæringar á jarðvegsyfirborði vegna flutnings Korpulínu í jarðstreng

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 15. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar:

Hvenær og hvernig stendur til að lagfæra yfirborð vegna flutnings Korpulínu í jarðstreng um hverfið, þ.m.t. um útivistarsvæði í Úlfarsárdal?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Flutningur Korpulínu í jarðstreng er framkvæmd á vegum Landsnets sem er verkkaupi. Afnotaleyfi vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir og er frágangur lands fyrirhugaður í maí-júní 2021. Samþykkt var að gengið yrði gróflega frá svæðinu fyrir veturinn og að lokafrágangur færi fram í vor-sumar 2021. Vettvangsferð á vegum Reykjavíkurborgar með verkkaupa er áætluð um svæðið eins og fljótt og unnt er í apríl 2021 til að ákveða hvernig endanlegum frágangi verði hagað.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir